

Hafnarfirði, 3. janúar 2026

Gleðilegt nýtt ár kæru nemendur og foreldrar!

Það styttest í að skólastarf hefjist að nýju. Í viðhengi má sjá Flensborgarfréttir en þar má finna allar nánari upplýsingar um **upphaf skólastarfsins. Fyrsti kennsludagurinn** er þriðjudagurinn 6. janúar kl. 09:00 og þá er kennt samkvæmt hraðtöflu. **Töflubreytingar eldri nemenda** fara fram samdægurs í Innu en einnig er hægt að fá aðstoð starfsfólks eftir hádegi þann dag, sjá leiðbeiningar [hér](#).

Með hækkandi sól fer svo **félagslíf nemenda** aftur á flug. Framundan eru m.a. keppnir í Gettu betur (7. janúar gegn Framhaldsskólanum á Húsavík) og Morfís og svo fer leiklistin af stað á næstunni ásamt undirbúningi fyrir FG: Flensborgardaginn og árshátíð NFF síðar á önninni. Í því samhengi er mikilvægt að minna á **heimasíðu skólans**, flensborg.is og síður skólans á samfélagsmiðlunum en þar má finna allar helstu fréttir úr skólastarfinu, auk upplýsinga um skólastarfið á önninni, námið almennt og þá þjónustu sem skólinn veitir nemendum sínum.

Með von um ánægjulegt samstarf á vorönn 2026.

Með bestu kveðju,

Erla Ragnarsdóttir

Skólameistari Flensborgarskólans í Hafnarfirði

Principal at Flensborgarskólinn, Upper Secondary School

Iceland

Sími : 354 565 0400

www.flensborg.is